



Skipulags- og byggingarnefnd Fundargerð

Fundur nr.101 haldinn á skrifstofu Skaftárhrepps Klausturvegi 10, þriðjudaginn 8.apríl 2014 klukkan 15:00. Mættir eru nefndarmenn Jóhannes Gissurarson formaður nefndarinnar, Gísli Kjartansson, Guðbrandur Magnússon, Valgerður Erlingsdóttir, Björn Helgi Snorrason og Vigfús Þ. Hróbjartsson fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

Mál utan auglýstrar dagskrár

Fulltrúi skipulags- og byggingarmála óskar eftir leyfi til að bæta inn á áður auglýsta dagskrá umsókn um niðurrif að þykkvabæ 3A.

Samþykkt.

Dagskrá:

Byggingarmál:

1. Giljaland – Byggingarleyfi

Sigurður Ólafsson 020645-2109 og Þuríður Ágústa Jónsdóttir 190849-3339 sækja um byggingarleyfi á lóð F1 samkvæmt gildandi deiliskipulagi fyrir Giljaland. Um er að ræða timburhús með einhalla þaki samkv. meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt. Fulltrúa skipulags- og byggingarmála falið að ljúka málinu.

2. Álfabyggð - Byggingarleyfi

Nordic Visitor 690405-0590 sækir um byggingarleyfi fyrir tveimur sumarhúsum í landi Efri-Víkur Álfabyggð samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum. Um er að ræða lóð Sauðagötu 10 samkvæmt deiliskipulagi svæðisins frá 1993.

Samþykkt með fyrirvara um að viðkomandi áform verði grenndarkynnt nágrönnum og landeigendum svæðisins. Fulltrúa skipulags- og byggingarmála falið að ljúka málinu.

Skipulags- og byggingarnefnd mælist til þess að gildandi deiliskipulag svæðisins verði tekið til skoðunar.

3. Hunkubakkar – Byggingarleyfi

Pálmi Hreinn Harðarsson 221065-3799 sækir um byggingarleyfi fyrir tveimur 20 m² smáhúsum. Sótt er um viðkomandi leyfi sambr. deiliskipulagi fyrir ferðaþjónustu að Hunkubökkum. Viðkomandi hús eiga að vera staðsett innan reits merktur herbergjaálma. Lagðar eru fyrir teikningar af samskonar húsnæði byggt innan sama deiliskipulags.

Samþykkt. Fulltrúa skipulags- og byggingarmála falið að leita eftir uppfærðum teikningum m.t.t. afstöðu húsanna.

Skipulagsmál:

4. Deiliskipulagstillaga – Skaftárvellir

Um er að ræða deiliskipulagstillögu fyrir íbúðarbyggð við Skaftárvelli á Kirkjubæjarklaustri. Allar helstu forsendur skipulagsins koma fram í aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022. Í skipulaginu felst að skilgreindir eru nýjar lóðir og byggingarreitir innan viðkomandi svæðis.

Tillagan er samþykkt til auglýsingar samkvæmt 41.gr.laga nr.123/2010. Mælist er til þess að tillagan verði send til umsagnar og yfirferðar landeigenda og annarra umsagnaraðila.

J.G.

5. Stofnun lóða – Giljaland

Sigurður Ólafsson 020645-2109 og Þuríður Ágústa Jónsdóttir 190849-3339 óska eftir því að stofnaðar verði lóðir F1 og F2 samkvæmt meðfylgjandi lóðarblaði. Um er að ræða lóðir skilgreindar á gildandi deiliskipulagi við Giljaland.

Samþykkt. Fulltrúa skipulags- og byggingarmála falið að ljúka málinu.

Önnur mál:

6. Umsókn um niðurrif – Þykkvibær 3A

Skúli Jónsson 110745-2819 sækir um leyfi til að rífa matshluta 02, 03, 04 og 05 á lóð 222038 Þykkvabæ 3A samkvæmt meðfylgjandi umsókn.

Samþykkt. Fulltrúa skipulags- og byggingarmála falið að afskrá viðkomandi matshluta eftir rif.

Ekki fleira gert

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.16:00

J.G. V.H.